

Nd.

485. Frumvarp til laga

[173. mál]

um eignarnámsheimild fyrir Siglufjarðarkaupstað á jörðunum Efri-Skútu og Neðri-Skútu í Siglufirði.

Flm.: Áki Jakobsson, Halldór Ásgrímsson, Finnur Jónsson.

1. gr.

Bæjarstjórn Siglufjarðar er heimilt að taka eignarnámi jarðirnar Efri-Skútu og Neðri-Skútu í Siglufirði.

2. gr.

Um framkvæmd eignarnámsins skal fara eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi l. nr. 58 4. júlí 1942, um eignarnámsheimild fyrir Siglufjarðarkaupstað á heitu vatni og landi í Skútudal í Siglufirði.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt skv. tilmælum bæjarstjórnar Siglufjarðar, sem lengi hefur haft áhuga fyrir því að eignast þessar jarðir. Siglufjarðarkaupstaður á nú allar jarðir í Siglufirði að undanskildum þrem, og er með frumvarpi þessu farið fram á, að hann geti eignast tvær þeirra. Samningar munu af bæjarstjórnarinnar hendi hafa verið reyndir við eigendur jarðanna, en án árangurs. Er hér birt bréf bæjarstjórnans á Siglufirði, sem gerir nokkra grein fyrir máli þessu frá sjónarmiði bæjarstjórnar Siglufjarðar.

Fylgiskjal.

BÆJARSTJÓRINN Á SIGLUFIRÐI

Siglufirði, 23. febrúar 1949.

Bæjarstjórn Siglufjarðar hefur gert eftirfarandi samþykkt með öllum (9) atkvæðum:

„Bæjarstjórnin samþykkir að fela bæjarstjóra að fá flutt á Alþingi frumvarp til laga um eignarnámsheimild fyrir jörðunum Efri- og Neðri-Skútu“.

Jafnframt því að fara þess á leit við yður, hr. alþingismaður, að þér f. h. bæjarstjórnarinnar flytjið frumvarp um þetta efni á Alþingi, vil ég tjá yður ástæðurnar fyrir því, að mál þetta er fram komið.

Með lögum nr. 58 4. júlí 1942 hefur Siglufjarðarkaupstaður heimild til að taka eignarnámi heitar uppsprettur og heitt vatn í Skútudal í Siglufirði ásamt nauðsynlegu landi undir mannvirki til virkjunar heita vatnsins. Umrædd hitavatnssvæði eru í landi Efri-Skútu. Hins vegar er þegar, með sérstöku tilliti til þeirra hafnarmannvirkja, sem byrjað hefur verið á að reisa á svokallaðri Leiru innst í Siglufirði, orðið tímabært fyrir Siglufjarðarkaupstað að vinna að því að eignast allt land fyrir botni fjarðarins að austanverðu, og þau einu landsvæði, sem kaupstaðurinn á eftir að eignast þeim megin, eru jarðirnar Efri- og Neðri-Skúta og svo Staðarhóll, sem er utar með firðinum, gegnt Siglufjarðareyri. Gera má ráð fyrir, að land hækki mjög í verði á umræddu svæði vegna þessara hafnarmannvirkja, aðallega jörðin Neðri-Skúta, og telur bæjarstjórnin það varða almenningsheill, að kaupstaðurinn eignist landið áður en til þeirrar hækkunar kemur. Jafnframt telur bæjarstjórnin, að nauðsyn beri til að útvíkka áður veitta eignarnámsheimild í landi Efri-Skútu og fá heimild til að taka alla jörðina eignarnámi.

Vænti ég að þessar skýringar nægi í sambandi við málaleitun þessa, og kveð.

Með virðingu

Gunnar Vagnsson.

Hr. alþm. Áki Jakobsson, Reykjavík.